

Nd.

85. Fyrirspurn

til atvinnumálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um athugun á byggingu verksmiðju til vinnslu síldarlýsis.

Frá Finni Jónssyni.

Hvað liður framkvæmd þingsályktunar þeirrar, er ég flutti og Alþingi samþykkti árið 1939, um að ríkisstjórnin léti fara fram fullnaðarathugun á því, hvort eigi mundi svara kostnaði að reisa hér á landi verksmiðju til þess að herða og hreinsa síldarlýsi? Hafi rannsókn þessi farið fram og leitt í ljós, að slík verksmiðja geti svarað kostnaði, hvað liður þá frumvarpi því um byggingu verksmiðjunnar, sem gert var ráð fyrir í nefndri ályktun, að lagt yrði fyrir Alþingi?